

Niðurstaða dómnefndar í samkeppni um listaverk við nýjan Landspítala

INNGANGUR

Nýr Landspítali ohf., efndi í maí á þessu ári til samkeppni meðal myndlistarmanna um nýtt listaverk til útfærslu á Sóleyjartorgi, aðalaðkomutorgi meðferðarkjarna sem er stærsta einstaka nýbyggingin í uppbyggingu spítalans við Hringbraut. Samkeppnin var haldin samkvæmt myndlistarlögum nr. 64/2012 en í IV kafla 14. gr. kemur fram að 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberra nýbygginga skuli varið til listaverka í henni og umhverfi hennar. Samkeppnin var haldin í samstarfi við og samkvæmt samkeppnisreglum Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM). Samkeppnin var lokuð að undangengnu opnu forvali.

Alls barst 51 umsókn um þátttöku og valdi forvalsnefnd sex listamenn/hópa úr innsendum umsóknum til þátttöku í lokuðum hluta samkeppninnar. Þeir listamenn sem valdir voru til þátttöku voru (í stafrófsröð):

- Haraldur Jónsson og Anna María Bogadóttir
- Katrín Sigurðardóttir
- Ólöf Nordal
- Rósa Gísladóttir
- Sigurður Guðjónsson
- Þórdís Erla Zoëga

Listamönnunum var falið að skila inn einni eða tveimur tillögum/útfærslum hverjum. Alls bárust dómnefnd tíu gildar tillögur.

ÁHERSLUR DÓMNEFNDAR

Verkefni dómnefndar var að meta þær tillögur sem bárust með tilliti til listrænna gæða og hversu vel þær féllu að markmiðum samkeppnislýsingar. Markmið samkeppninnar var að list verði veigamikill og afgerandi hluti bygginga, umhverfis og mannlífs og þannig hluti af uppbyggingu Nýs Landspítala á Hringbrautarsvæðinu. Í samræmi við samkeppnisreglur Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM) voru allar tillögur metnar nafnlaust. Í samkeppnislýsingu var áherslum dómnefndar lýst meðal annars með eftirfarandi hætti:

„Meginmarkmið samkeppninnar er ekki einungis að uppfylla skilyrði laganna sem varða listaverk í eða við nýbyggingar ríkisins heldur einnig að gæða þetta stóra verkefni hugmyndaauðgi og hugviti listamanna sem mun njóta sín sem órjúfanlegur hluti heildarinnar um ókomin ár. Dómnefnd metur tillögur sem berast í samkeppnina með hliðsjón af fyrirliggjandi keppnislýsingu og gögnum sem þar er vísað til.“

VALNEFNDIR

Forvalsnefnd:

Sigurður H. Helgason, í stjórn NLSH, formaður forvalsnefndar

Dorothee Kirch, fulltrúi Reykjavíkurborgar

Bóra Þórisdóttir, fulltrúi SÍM

Dómnefnd:

Finnur Árnason, formaður stjórnar NLSH og formaður dómnefndar.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, fulltrúi Reykjavíkurborgar.

Þórunn Steinsdóttir, fulltrúi Landspítala.

Ingunn Fjóra Ingþórsdóttir, fulltrúi SÍM.

Pétur Thomsen, fulltrúi SÍM.

Ritari dómnefndar: Ásdís Ingþórsdóttir, NLSH.

Trúnaðarmaður:

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir tilnefnd af SÍM.

Ráðgjafar dómnefndar:

Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt, Hornsteinar arkitektar.

Pétur Jónsson, landslagsarkitekt, Efla verkfræðistofa.

Vinningstillaga – Upphaf, auðkennisnúmer 123 256

Höfundur: Þórdís Erla Zoëga

Það er samhljóma niðurstaða dómnefndar að velja *Upphaf* sem vinningstillögu í samkeppni um listaverk við nýbyggingu meðferðarkjarna Landspítala. Tillagan er skemmtileg og ber með sér næmi fyrir rýminu og starfsemi spítalans. Hringlaga form afmarkar annars vegar tjörn og hins vegar setsvæði til hliðar við aðalinngang byggingarinnar. Litað gler tengir innra og ytra rými og varpar hlýrri birtu um svæðið þannig að frá verkinu stafar jafnt hlýju og ljósi. Form verksins kallast, á sannfærandi hátt, á við hringlaga stiga sem verður áberandi hluti af anddyrinu. Tillagan rímar vel við efnismeðferð anddyrisbyggingarinnar og byggingarlist meðferðarkjarnans, þar sem gler leikur margþætt hlutverk. Verkið virkjar rýmið og skapar áhugaverðan viðkomustað án þess að yfirtaka torgið. Setsvæðin gefa fyrirheit um hvíldarstað og skapa viðkomustað fyrir þá sem eiga erindi á sjúkrahúsið. *Upphaf* verður þannig jákvæður áhrifavaldur þegar horft er til mannlífs í umhverfi spítalans. Vatn leikur stórt hlutverk í þeim hluta verksins sem er utandyra. Birtan af lituðu gleri fellur á vatnið sem jafnframt endurvarpar sólarljósi og gefur frá sér hljóð sem hefur áhrif á upplifun manna af staðnum. Birtan af glerinu hefur jafnframt áhrif á innra setsvæðið en það er hlutlausara og býður upp á frjállega notkun sem kallar á samveru ólíkra kynslóða. Höfundur tilgreinir markmið verksins, sem falla á sannfærandi hátt að keppnislýsingu og ber einföld hugmyndin með sér góða formskynjun og einstaklega áhugaverða notkun rýmis. Tillagan er sterk þegar kemur að sjónrænni útfærslu, dregur athygli að

aðalinngangi byggingarinnar og hefur þannig burði til að vera kennileiti í umhverfi spítalans. Veður og dagsbirta leika veigamikil hlutverk í upplifun áhorfandans en *Upphaf* myndar einskonar brennipunkt vatns, forms, lita og ljóss. Tillagan fellur vel að þeirri uppbyggilegu og líknandi starfsemi sem fer fram á sjúkrahúsi. Hugmyndin að verkinu er skýr og einföld þar sem áhorfendur virkja verkið og upplifun þeirra er kjarni þess.

Viðurkenning – Hjartaþræðing, auðkennisnúmer 123 792

Höfundar: Haraldur Jónsson og Anna María Bogadóttir

Tillagan er einstaklega frumleg og endurspeglar áhugaverða nálgun við list í almannarými. Höfundur nálgast samkeppnissvæðið og allt umhverfið með ríkri tilfinningu fyrir hlutverki spítalans og sögu. Áhugaverð er samlíking milli mannlíkamans og bygginga spítalans. Verkið hefur til að bera margbreytileika sem fangar athygli manna jafnt á afgerandi hátt sem og með smágerðu áreiti. Tillagan tekur mið af byggingunni en dregur jafnframt inn á áhugaverðan hátt eldri byggingu Landspítala, en sá hluti tillögunnar fellur að hluta utan ramma samkeppninnar. Áhugavert er með hvaða hætti tillagan gerir ráð fyrir nýtingu ljóss og hljóðs s.s. í fossi sem streymir á milli hæða og er áberandi við aðalinngang meðferðarkjarnans. Almennt er styrkur tillögunnar lágstemmd inngríp sem auðga upplifun af rýminu. Dómnefnd telur listrænt gildi tillögunnar mikið og að hún sé til þess fallin að marka frumleg spor þegar kemur að myndlist sem áhrifavaldi í manngerðu umhverfi.

Viðurkenning – Blíðleikur, auðkennisnúmer 123 589

Höfundur: Ólöf Nordal

Tillagan dregur fram sterk hughrif og ber með sér skýr merki um listrænt gildi byggt á þekkingu og innsæi í sagna- og menningararf. Verkið hefur burði til að laða að sér vegfarendur og verða þannig kennileiti og mikilvægur hluti af almannarýminu og Sóleyjartorgi. Verkið er innihaldsríkt og hugvitsamlega útfært þar sem höfundur tengir það á áhugaverðan hátt við trúarbrögð, táknafræði og vangaveltur um mannlega tilvist. Formræn útfærsla er vísvitandi gróf þar sem hún vísar til hins handgerða, en efnisval er hefðbundið og varanlegt sem hæfir verkinu vel. Tillagan er hugmyndalega vel rökstudd og einföld í framkvæmd.

Eyland I - auðkennisnúmer 123 467

Höfundur: Katrín Sigurðardóttir

Grunnhugmynd höfundar að verkinu er áhugaverð þar sem sótt er í viðfangsefni spítalans, mannlíkamann og tækni nýtt til að koma henni á framfæri. Nokkuð langt er þó milli hugmynda og útfærslu eins og því er lýst í greinargerð höfundar. Verkið hefur ákveðið gildi sem hluti af heildarhönnun almenningsrýmisins, en dómnefnd telur það ekki hafa burði til að vera ákveðið kennileiti.

Eyland II - auðkennisnúmer 123 467

Höfundur: Katrín Sigurðardóttir

Tillagan vísar á afgerandi hátt í nafn blómsins sem torgið er nefnt eftir. Höfundur vísar þar bæði til forms jurtarinnar og lækningamáttar. Með tillögunni leitast höfundur við að skapa sjónrænt

kennileiti sem og áhugaverðan dvalarstað þar sem fólk getur hvílst, íhugað og komið saman. Grunnhugmyndin er útfærð í varanlegu og viðhaldslitlu efni, en mismunandi tillögur varðandi útlit hennar virðast heldur ólíkar innbyrðis.

Ljósvarp - auðkennisnúmer 123 634

Höfundur: Sigurður Guðjónsson

Höfundur nálgast viðfangsefnið á nýstárlegan hátt þegar horft er til listar í almannarými. Tillagan felur í sér tvær útgáfur að staðsetningu verksins sem báðar eru hluti af byggingunni og hafa burði til að vera sjónrænt áberandi í rýminu, en hljóðheimur verksins er hins vegar síður afgerandi. Í nálgun sinni sækir höfundur í heim sjúkrahússins með tilvísun í tækjabúnað þess. Verkið er líklegt til að hafa nokkur áhrif á upplifun í anddyri spítalans, en dómnefnd telur ólíklegt að verkið verði að sterku kennileiti.

Auðkennisnúmer 123 845

Höfundur: Rósa Gísladóttir

Höfundur tekst á við heildarumhverfi Sóleyjartorgs og aðkomu að meðferðarkjarna með umfangsmiklum hætti. Leitast er við að tengja hina nýju byggingu við eldri byggingu Guðjóns Samúelssonar. Lögð er áhersla á að vísa í sögu læknávisindanna og uppruna nútímalæknisfræði. Inntak tillögunnar skilar sér vel en útfærsla hennar er nokkuð flókin og margþætt. Þótt dómnefnd meti það almennt sem kost að tillögur séu hugsaðar sem hluti nýbyggingarinnar, telur hún nokkuð langt gengið í þá átt að hylja bygginguna.

123 378 – Heilun

Höfundur: Þórdís Erla Zoëga

Tillagan er litrík og skemmtileg og kallar á þátttöku fólks í gagnvirku verki sem markar áfangastað á efri hluta Sóleyjartorgs. Verkið er þannig hluti af heildarhönnun almannarýmisins. Hugmyndafræði verksins er falleg og skýr. Það er mat dómnefndar að efnisval og tæknilegur frágangur gæti skapað vandamál til lengri tíma lítið.

Reykjavík 4. janúar 2024

Finnur Árnason, formaður stjórnar NLSH og formaður dómnefndar.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, fulltrúi Reykjavíkurborgar.

Þórunn Steinsdóttir, fulltrúi Landspítala.

Ingunn Fjóra Ingbórsdóttir, fulltrúi SÍM.

Pétur Thomsen, fulltrúi SÍM.

Undirritunarsíða

f.h. dómnefndar, formaður
Finnur Árnason

f.h. dómnefndar, fulltrúi Reykjavíkurborgar
Ólöf Kristín Sigurðardóttir

f.h. dómnefndar, fulltrúi Landspítala
Þórunn Oddný Steinsdóttir

f.h. dómnefndar, fulltrúi SÍM
Ingunn Fjóra Ingbórsdóttir

f.h. dómnefndar, fulltrúi SÍM
Pétur Thomsen